

Mál nr. 258/2017

**M og
V1 v/A og
V2 v/B**

Árekstur bifreiða á gatnamótum Hafnarfjarðarveggar við Lyngás í Hafnarfirði þ. 10.6.2017.**Gögn.**

1. Málskot móttækið þ. 10.8.2016 ásamt fylgiskjölum nr.
2. Bréf V-1 dags. 24.8.2017 ásamt fylgiskjölum 1-5.
3. Bréf V-2 dags. 16.8.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B við gatnamót við Lyngás á Hafnarfjarðarvegi. Ökumaður A ók norður Hafnarfjarðarveg með fyrirhugaða vinstri beygju vestur Lyngás og ökumaður B ók Hafnarfjarðarveg til suðurs inn á gatnamótin þar sem árekstur varð með A og B. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja af Hafnarfjarðarvegi inn á Lyngás til vesturs og hafi hann beðið eftir að grænt ljós kviknaði fyrir beygjuakreinina og ekið af stað í beygjuna þegar grænt ljós hafi kviknað fyrir akstursstefnu hans, en þá hafi B ekið í veg fyrir A á töluverðri ferð. Ökumaður B segist hafa ekið suður Hafnarfjarðarveg á vinstri akrein og A hafi ekið í veg fyrir B. Ökumaður A segist telja að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu hans. Vitni sem ók eftir Lyngási til austurs segist hafa séð A aka inn á gatnamótin þegar B kom akandi Hafnarfjarðarveg til suðurs og ekið á A. Vitnið segir að grænt ljós hafi logað fyrir umferð á Lyngási þegar hann ók að gatnamótunum.

Álit.

Ökumaður A segist hafa beðið á gatnamótunum eftir að grænt ljós logaði fyrir akstursstefnu hans á beygjuakrein yfir akreinar Hafnarfjarðarveggar með akstursstefnu til suðurs og inn á Lyngás. Ökumaður B segist telja að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu sína þegar hann ók inn á umrædd gatnamót. Vitni sem kom akandi að gatnamótum Hafnarfjarðarveggar og Lyngás segir að grænt ljós hafi logað fyrir umferð á Lyngási. Vafi er því um stöðu umferðarljósa, þar sem ökumaður A segist hafa beðið eftir að ljósin skiptu yfir á grænt fyrir sína akstursstefnu og ekið á stað þegar það gerðist. Ökumaður B er ekki viss um stöðu ljósanna, en telur að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu sína. Vitnið segir hins vegar að grænt ljós hafi logað fyrir umferð um Lyngás þegar hann nálgast gatnamótin. Ekki liggur fyrir í framburði vitnisins hvenær grænt ljós byrjaði að loga fyrir akstursstefnu um Lyngás. Ljóst er þó að grænt ljós á beygjuakreininni inn á Lyngás kviknar eftir að rautt ljós byrjar að loga fyrir akstursstefnu suður Hafnarfjarðarveg, þannig að hafi grænt ljós komið fyrir asktursstefnu um Lyngás þegar vitnið ók að gatnamótunum er ekki loku fyrir það skotið að ökumaður A hafi ekið yfir gatnamótin gegnt grænu ljósi, en rautt ljóst hafi þá logað fyrir akstursstefnu B. Þá verður einnig að taka tillit til þess að ökumaður B er ekki viss um stöðu umferðarljósa og var auk þess undir töluverðum áhrifum áfengis og kókaíns og óhæfur til að stjórna ökutæki af öryggi. Við mat á því sem gerðist verður ekki litið framhjá því að ökumaður A hafi verið í betri aðstöðu til að meta aðstæður og verður hans framburður um að hann hafi ekið gegn grænu ljósi inn á gatnamótin með fyrirhugaða akstursstefnu inn á Lyngás lagður til grundvallar. Af framangreindu verður ekki hjá því komist að gagnálykta á þann veg að ökumaður B hafi ekki lagt rétt mat á aðstæður i umrætt sinn og ekið gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin. Verður því öll sök lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 12.9. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.